


Gerð skjals: Fundargerð	<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	
Dags.: 13.09.2024		
Tími: 14:30		
Staðsetning: Stofa A-7		
Síða 1 af 1		

**Tegund fundar** Skólanefndarfundur

<b>Fundarstjóri</b>	Stefán Hilmarsson
<b>Fundarritari</b>	Guðný Rún Sigurðardóttir
<b>Mætt</b>	Stefán Hilmarsson, Brynja Björk Magnúsdóttir, Valgerður S. Kristjánsdóttir, Logi Hjörvarsson, Sylvía B. Gústafsdóttir, Stefán Pálsson, Birna Imsland, Kolfína Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Ásdís Arnalds, Björk Þorgeirsdóttir og Ásdís Arnalds, Katarzyna Rabeda

	<b>Fundarefni</b>
1.	<b>Kynning á hlutverki skólanefndar fyrir nýjum fulltrúum</b> Farið var yfir hlutverk skólanefndar eins og kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nýr fulltrúi í skólanefnd fyrir hönd nemenda, Logi Hjörvarsson, nýr fulltrúi kennara er Valgerður S. Kristjánsdóttir.
2.	<b>Kosning formanns til eins árs</b> Stefán Hilmarsson kosinn formaður til eins árs.
3.	<b>Fréttir úr félagslífi nemenda</b> Logi fór yfir helstu viðburði í félagslífi nemenda, meðal annars viðburði sem tengjast móttöku nýnema. Framundan er undirbúningur fyrir Gettu betur og Morfís. Þá eru flestar vikur fram að jólum skipulagðar í kringum ákveðin þemu.
4.	<b>Skólastarfið á haustönn</b> Katarzyna Rabeda kynnti skipulag og starf íslenskubrautar. Ásdís Arnalds aðstoðarskólameistari fór yfir tölur um fjölda umsækjenda um skólavist, fjölda innritaðra og kynjahlutfall bæði umsækjenda og innritaðra. Alls voru innritaðir 230 nemendur á námsbrautir skólans á haustönn. Skólameistari greindi frá ráðningum starfsfólks á haustönn og breytingum sem gerðar voru á verkefnum og skipulagi á skrifstofu. Skólameistari kynnti hátíðardagskrá í tilefni af 150 ára afmæli skólans þann 1. október n.k.
5.	<b>Fundargerðir kennarafunda</b> Fundargerðir starfsmannafundar 16. ágúst og kennarafundar 23. ágúst lagðar fram.
6.	<b>Húsnæðismál</b> Skólameistari greindi frá helstu viðhaldsverkefnum sem eru í gangi.
7.	<b>Önnur mál</b>